

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2003

frá 16. maí 2003

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2003 frá 31. janúar 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/605/EB frá 17. júlí 2002 um spurningalista sem varðar tilskipun ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 23a (tilskipun ráðsins 96/82/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„23aa. **32002 D 0605:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/605/EB frá 17. júlí 2002 um spurningalista sem varðar tilskipun ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (Stjtið. EB L 195, 24.7.2002, bls. 74).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2002/605/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 73 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. EB 195, 24.7.2002, bls. 74.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.